



# Viðskiptaskilmálar Valitor

Gilda frá 1. febrúar 2017

---

**VALITOR**

## Efnisyfirlit

ALMENNIR VIÐSKIPTASKILMÁLAR SÖLUAÐILA.....	3
1 Orðskýringar .....	3
2 Gildissvið o.fl.....	4
3 Áreiðanleikakönnun og mat á fjárhags- og rekstrarstöðu.....	4
4 Móttaka greiðslukorta og viðskiptakjör korthafa.....	5
5 Markaðssetning söluaðila.....	5
6 Skyldur söluaðila vegna framvísunar korts.....	6
7 Skyldur söluaðila.....	7
8 Ógild kort – haldlagning korta .....	8
9 Úttektir og úttektarseðlar.....	8
10 Afgreiðslubúnaður .....	9
11 Netviðskipti.....	10
12 Úttektarmörk.....	11
13 Uppgjörstímabil kreditkorta .....	11
14 Innsending færsluskrár, úttektarseðla o.fl. ....	11
15 Ábyrgð Valitor á úttektum korthafa og gagnvart söluaðila .....	12
16 Uppgjör og uppgjörstímabil vegna greiðslukorta .....	13
17 Ógilding/endurgreiðsla .....	14
18 Þóknun Valitor og uppgjör við söluaðila.....	14
19 Trúnaðarskylda .....	15
20 Framsal réttar söluaðila.....	16
21 Breytingar á skilmálum .....	16
22 Gildistími, uppsögn og lok samnings .....	16
23 Óviðráðanleg atvik.....	18
24 Varnarþing .....	18
SÉRSTAKIR VIÐSKIPTASKILMÁLAR VALITOR VIÐ SÖLUAÐILA .....	19
1 Boðgreiðslur .....	19
2 Félagagreiðslur (Alefli).....	20
3 Kortalán .....	20
4 Þjónustuvefur .....	22
5 Léttgreiðslur .....	23
6 Myntval (DCC).....	24

# ALMENNIR VIÐSKIPTASKILMÁLAR SÖLUAÐILA

## 1 Orðskýringar

**Afgreiðslubúnaður:** Rafrænn kortalesari með innbyggðum eða tengdum örgjörvalesara (PIN – Pad) sem getur bæði verið sjálfstæð eining (posi) eða hluti af kassakerfi söluaðila. Í öllum tilvikum er búnaður vottaður af aðila sem Valitor tilnefnir.

**Alþjóðlegar kortasamsteypur:** VISA Inc., VISA EU og MasterCard Worldwide.

**CVV, CVC, CVV2, iCVV og PVV:** Öryggisnúmer greiðslukorta sem rituð eru aftan á greiðslukortin.

**DCC:** Dynamic Currency Conversion - Myntval

**Debetkort:** Greiðslukort þar sem fjárhæðin er dregin af viðskiptareikningi korthafa hjá útgáfubanka samtímis því að kortið er notað sem greiðslumiðill.

**Félag:** Valitor hf.

**Fyrirframgreitt kort:** Greiðslukort þar sem korthafi greiðir inn á kortið fyrir notkun þess. Ekki er hægt að nota fyrirframgreidd kort til framtíðarskuldbindinga í greiðsluþjónustu, sbr. Kortalán.

**Greiðslukort/kort:** Greiðslumiðill, svo sem hefðbundin greiðslukort, snertilaus kort, greiðslukort í sínum o.fl. sem gefið er út í samræmi við alþjóðareglur VISA Inc., VISA EU og MasterCard Worldwide.

**Kortalán:** Lánssamningur milli Valitor og korthafa sem felur í sér jafnar afborganir. Kortalán geta annaðhvort borið vexti eða verið vaxtalaus og eru útbúin hjá söluaðila.

**Kortaútgefandi:** Innlendir bankar og sparisjóðir auk erlendra kortaútgefenda.

**Kreditkort:** Greiðslukort þar sem korthafi greiðir úttektir á gjalddaga sem er ákveðinn af útgefanda kortsins.

**PINN númer:** Leyninúmer korthafa tengt korti.

**Ráðstöfunarreikningur:** Bankareikningur söluaðila (hb. 26 eða 38) tilgreindur í samstarfssamningi.

**Sérssamningar:** Ýmsir samningar milli söluaðila og Valitor.

**Snertilaus greiðsla:** Þar sem rafeindabúnaði (Near field communication, NFC,) á korti eða síma er beitt til að senda kortaupplýsingar á öruggan hátt, þráðlaust á milli örgjörva og afgreiðslubúnaðar.

**Söluaðilar:** Rekstraraðilar sem hafa heimild til að taka við greiðslu með greiðslukortum á grundvelli samstarfssamnings við Valitor og viðskiptaskilmála þessa. Með notkun þessa orðs er bæði átt við rekstraraðilann sjálfan, starfsfólk hans og aðra sem hafa heimild til að taka við greiðslukortum í hans þágu.

**Umsjónarmaður:** Prókúruhafi skv. hlutafélagaskrá eða annar starfsmaður söluaðila sem hefur sérstaklega verið falin dagleg umsjón með notkun þjónustuvefs af fyrrnefndum prókúruhafa.

**Valitor:** Valitor hf., kt. 500683-0589.

**Þjónustuvefur:** Vefsvæði söluaðila til að nálgast upplýsingar um viðskipti sín og framkvæma tiltekna aðgerðir í tengslum við þau.

**Örgjörvi:** Flaga á korti eða í snjallsíma sem geymir kortaupplýsingar.

**Öryggisnúmer:** Þriggja stafa númer á bakhlið VISA-kreditkorts og síðustu þrjár stafir í 7 stafa númeri á bakhlið MasterCard, prentað á undirskriftarlínu á bakhlið.

## 2 Gildissvið o.fl.

- 2.1 Viðskiptaskilmálar þessir gilda um samstarf Valitor og söluaðila á sviði greiðslukortaviðskipta og kveða á um réttindi og skyldur beggja aðila í því samstarfi.
- 2.2 Skilmálarnir, eins og þeir eru á hverjum tíma, eru óaðskiljanlegur hluti samstarfssamnings Valitor við söluaðila og annarra sérsamninga sem þessir aðilar kunna að gera sín á milli. Auk þess teljast verklagsreglur um tiltekna tegund vöru og þjónustu, s.s. bílaleigu og hótél, óaðskiljanlegur hluti samstarfssamnings. Í samstarfssamningi koma fram nánari upplýsingar um söluaðila, þau greiðslukort sem samningurinn tekur til og önnur atriði.
- 2.3 Valitor annast samskipti milli söluaðila og innlendra kortaútgefenda vegna greiðslukorta sem eru í færsluhirðingu hjá Valitor. Þegar fjallað er um rétt félagsins í skilmálum þessum til endurgreiðslu greiddra úttekta og rétt útgefenda til þess að hafna greiðslu úttekta með greiðslukortum þá er jöfnum höndum vísað til réttar félagsins sjálfs og réttar útgefenda auk reglna alþjóðlegu kortasamtakanna.
- 2.4 Skilmálar þessir teljast samningur (rammasamningur) hvar ákvæðum III. kafla laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu er vikið frá í heild, sbr. 2. mgr. 28. gr. sömu laga og því eiga ákvæði þess kafla ekki við um skilmála þessa.

## 3 Áreiðanleikakönnun og mat á fjárhags- og rekstrarstöðu

- 3.1 Valitor áskilur sér rétt til að framkvæma áreiðanleikakönnun á rekstraraðila og eftir atvikum raunverulegum eigendum, stjórnendum, prókúruhöfum o.fl. í samræmi við áhættustefnu fyrirtækisins, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006 og reglur alþjóðlegu kortasamsteypanna. Auk þess áskilur Valitor sér rétt til að meta áhættu og fjárhagslega stöðu aðila sem og rekstrarumhverfi áður en gerður er við hann samstarfssamningur og eftir að samningurinn hefur tekið gildi. Er slík athugun gerð í því skyni að meta áhættu Valitor af hugsanlegum viðskiptum og hvort þau samrýmist áhættustefnu félagsins. Slík athugun getur m.a. falið í sér athugun á fjárhags- og rekstrarupplýsingum, eða öðrum upplýsingum, um aðilann frá honum sjálfum og/eða með notkun upplýsingasafna þriðja aðila, þ.m.t. fyrirtækjaskrár, Creditinfo, fjölmiðlavaktar og eða annarra upplýsinga er finnst í opnum miðlum, þ.m.t. með notkun leitarvéla á internetinu. Jafnframt er Valitor heimilt að óska eftir mati viðskiptabanka/sparisjóðs á fjárhagslegri stöðu hans. Valitor er heimilt að fela utanaðkomandi ráðgjöfum yfirferð upplýsinganna enda séu þeir bundnir trúnaði skv. sérstakri yfirlýsingu þess efnis eða á grundvelli reglna, hvort sem er lögbundinna eða siðareglna sem um viðkomandi starfsstétt gilda.
- 3.2 Valitor er heimilt að óska eftir að sjálfstæður endurskoðandi, eða annar utanaðkomandi ráðgjafi með sömu skilyrðum og í grein 3.1, gangi úr skugga um að uppgefnar upplýsingar á aðstæðum og eðli starfsemi sé með þeim hætti sem lýst hefur verið í umsókn rekstraraðila. Slík skoðun tekur m.a. til eftirfarandi þátta en er ekki bundin við þá:
  - Húsnæðis;
  - Aðgangs að netþjóni/netþjónum aðilans, bæði áþreifanlegs aðgangs og aðgangs að gögnum;
  - Birgða, sé um þær að ræða;
  - Athugunar á því hvort starfsleyfi sé fyrir hendi, sé þess krafist í starfseminni og sönnun færð fyrir því; eða
  - Viðskiptaaðferða sem og framsetningu viðskipta við netviðskipti, sé um þau að ræða.

- 3.3 Sé niðurstaða úr áreiðanleikakönnun og/eða fjárhags- eða rekstrarstaða aðila ófullnægjandi að mati Valitor, viðskiptasamband við rekstraraðilann uppfyllir ekki áhættustefnu félagsins eða getur mögulega valdið því tjóni þá getur Valitor hafnað gerð samstarfssamnings án skýringa. Valitor getur einnig í þeim tilvikum gert að skilyrði fyrir samstarfssamningi að rekstraraðili leggi fram tryggingar fyrir efndum samningsins, s.s. veð eða bankaábyrgð með skilmálum sem Valitor tilgreinir. Í þessu skyni er Valitor einnig heimilt að halda eftir hluta af veltu söluaðila sem tryggingu, lengja uppgjörstímabil eða taka hærra þjónustugjald til að mæta áhættu vegna væntanlegra viðskipta.
- 3.4 Eftir að samstarfssamningurinn hefur tekið gildi áskilur Valitor sér rétt til að meta allt framangreint samkvæmt þessum 3. kafla reglulega og eftir því sem við á fá afhentar upplýsingar og/eða gera kröfu um að aðili leggi fram tryggingar fyrir efndum samningsins, s.s. veð eða bankaábyrgð með skilmálum sem Valitor tilgreinir. Þá er Valitor ávallt heimilt að halda eftir uppgjöri og/eða veltu söluaðila sem tryggingu, lengja uppgjörstímabil eða hækka þjónustugjald til að mæta áhættu vegna söluaðila.

#### 4 Móttaka greiðslukorta og viðskiptakjör korthafa

- 4.1 Söluaðili skuldbindur sig til að taka við öllum gildum greiðslukortum sem fullnaðargreiðslu fyrir vöru eða þjónustu sem hann býður, í samræmi við ákvæði sem tilgreind eru í samstarfssamningi og skilmálum þessum.
- 4.2 Söluaðila er heimilt að skrá hærri fjárhæðir en sem nemur viðskiptum með innlendu debetkorti og gefa korthafa til baka í reiðufé. Þóknun söluaðila til Valitor skv. kafla 18 tekur mið af heildarfjárhæð færslunnar. Söluaðila er óheimilt að láta í té peninga gegn framvísun kreditkorts.
- 4.3 Söluaðila er skylt að veita þeim sem greiða með gildum greiðslukortum sömu viðskiptakjör eða betri og hann veitir þeim sem greiða með öðrum greiðslumiðlum. Óheimilt er að hækka verð á vöru eða þjónustu þegar kaupandi framvísar greiðslukorti við kaup.
- 4.4 Engin lágmarksfjárhæð er í viðskiptum þegar greitt er með greiðslukorti.
- 4.5 Söluaðila ber þegar verð er auglýst eða sett fram á sölustað að gæta þess að fram komi hið almenna verð sem öllum viðskiptavinum stendur til boða. Söluaðila er í sjálfsvald sett hvort hann auglýsir samhliða staðgreiðsluafslátt. Veiti söluaðili staðgreiðsluafslátt skulu þeir sem greiða með innlendum debetkortum njóta hans. Auglýsi söluaðili eða setji fram aðeins eitt verð má viðskiptavinur sem framvísar greiðslukorti líta á það sem hið almenna verð er honum stendur til boða og má í engu tilviki hækka það.
- 4.6 Söluaðilar sem það kjósa geta boðið korthöfum með erlend greiðslukort úttekt í mynt síns heimalands í gegnum Myntvalþjónustu Valitor (DCC). Í þeim tilfellum sem korthafar samþykkja slíka myntbreytingu fellur niður álag á erlendar færslur skv. grein 18.5 í viðskiptaskilmálum þessum. Söluaðila ber að kynna þessa þjónustu fyrir korthöfum áður en myntbreytingin á sér stað og fylgja ávallt verklagsreglum Valitor sem gilda um þessi viðskipti. Áður en söluaðili getur boðið Myntvalþjónustu þarf hann að gera samning við Valitor eða umboðsaðila.

#### 5 Markaðssetning söluaðila

- 5.1 Söluaðila ber að staðaldri og á áberandi hátt að auglýsa þau greiðslukort sem hann skal veita viðtöku samkvæmt samstarfssamningi við Valitor. Merkimiða og annað kynningarefni lætur Valitor honum í té endurgjaldslaust og söluaðili skuldbindur sig til að nota það. Notkun hans á vörumerkjum félagsins, hvort sem þau eru skrásett eða ekki og öðru kynningarefni, felur ekki í

sér neins konar framsal á eignarrétti eða höfundarrétti yfir þeim. Valitor greiðir ekki fyrir birtingu vörumerkja félagsins, hvorki á sölustað né í auglýsingum.

- 5.2 Söluaðila er frjálst að auglýsa í fjölmiðlum eða með öðrum hætti að hann taki við greiðslukortum á meðan samningur hans við félagið er í gildi. Söluaðila ber að nota vörumerki félagsins í samræmi við fyrirmæli þess á hverjum tíma. Sé um að ræða notkun á skrásettum vörumerkjum félagsins skulu þau eingöngu notuð í þeirri mynd sem þau eru skrásett.
- 5.3 Söluaðila er óheimilt að nota vörumerki félagsins hvort heldur sem þau eru skráð eða óskráð nema í tengslum við þá þjónustu sem Valitor veitir söluaðila á grundvelli þessa samnings.
- 5.4 Við samningslok er söluaðila skylt að hætta allri notkun vörumerkjanna, þ. á m. merkimiða og annars kynningarefnis frá Valitor.

## 6 Skyldur söluaðila vegna framvísunar korts

- 6.1 Þegar greiðslukorti búnu örgjörva er framvísað á sölustað skal söluaðili ávallt kappkosta við skráningu úttektar að hún sé framkvæmd með þeim hætti að afgreiðslubúnaður lesi örgjörvann og korthafi staðfesti síðan greiðslufjárhæð með PINN númeri í stað þess að nota segulrönd korts eða handvirka skráningu.
- 6.2 Beri nauðsyn til þess að láta afgreiðslubúnað lesa segulrönd korts eða skrá úttekt handvirkt á úttektarseðil (handþrykkt/handskrifuð) skuldbindur söluaðili sig að viðlagðri eigin ábyrgð samkvæmt skilmálum þessum til að gæta vandlega að eftirtöldum öryggisatriðum:
  - Að greiðslukortið sé ekki útrunnið.
  - Að rithöndin á bakhlið kortsins sé í samræmi við undirskrift á úttektarseðli.
  - Að mynd á bakhlið kortsins sé af korthafa, ef mynd er á kortinu.
  - Að kortnúmer og aðrar þrykktar upplýsingar á kortinu komi skýrt fram á úttektarseðli.
  - Að kortið beri þess ekki merki að á því hafi verið gerðar breytingar.
  - Söluaðili skal ekki afhenda korthafa kort að nýju fyrr en að lokinni athugun á þessum atriðum.
- 6.3 Þegar greiðsla með korti er framkvæmd án þess að korti sé framvísað hjá söluaðila skuldbindur söluaðili sig að viðlagðri ábyrgð til að ganga ætíð úr skugga um eftirtalin atriði:
  - Að greiðslukort sé ekki útrunnið.
  - Að réttur fjöldi tölustafa sé í kortnúmeri kreditkorts.
  - Að ætíð sé með sannanlegum hætti leitað heimildar til móttöku korts hjá Valitor, annaðhvort rafrænt eða símleiðis hjá þjónustuveri félagsins.
  - Að korthafi gefi upp rétt þriggja stafa öryggisnúmer sem skráð er á bakhlið kortsins. Söluaðili skuldbindur sig að viðlagðri eigin ábyrgð samkvæmt 15. gr. skilmála þessara til að eyða því að notkun lokinni.
  - Að óska eftir að korthafi framvísi korti og skrifi undir sölunótu þegar tekið er við vöru eða þjónustu. Afhending á vöru eða þjónustu til annars en rétthafa kortsins er alfarið á ábyrgð söluaðila.
- 6.4 Þegar korti er ekki framvísað hjá söluaðila eða úttekt ekki staðfest með PINN númeri færast ábyrgð á slíkri úttekt ekki yfir á Valitor þegar heimildarnúmer er fengið skv. skilmálum þessum. Með útgáfu heimildarnúmers í slíkum viðskiptum er einungis staðfest að um sé að ræða opið kort. Söluaðili ber ætíð sönnunarbyrði þess að korthafi hafi samþykkt færslu sem gerð er án þess að korti sé framvísað.

- 6.5 Taki söluaðili við greiðslu þar sem korti er ekki framvísað skal söluaðili birta á vefsíðu sinni stefnu söluaðila í vernd persónuupplýsinga, viðskiptaskilmála, öryggisstaðla og stefnu í miðlun greiðslukortaupplýsinga, lögheimili söluaðila, samskiptaupplýsingar og vörumerki VISA og MasterCard.
- 6.6 Ef vafi leikur á að um réttan handhafa greiðslukorts sé að ræða skal söluaðili krefjast annarra persónuskilríkja til samanburðar og skrá þau númer sem þar koma fram, t.d. á vegabréfi eða ökuskírteini. Skylda þessi hvílir einnig á söluaðila þótt nota eigi örgjörva til að unnt sé að skrá úttekt í afgreiðslubúnaði.
- 6.7 Söluaðila er skylt og hann ber ábyrgð á að fylgt sé í einu og öllu þeim fyrirmælum sem fram koma á skjá afgreiðslubúnaðar og/eða á útprentuðum seðli úr prentara búnaðarins.
- 6.8 Þegar senda þarf vöru, sem greitt hefur verið fyrir með greiðslukorti, skal söluaðili sjá til þess að notast sé við ábyrgðar- eða bögglaþóst eða aðrar viðurkenndar flutningsaðferðir og að varan sé ætíð send á nafn og skráð heimilisfang korthafa. Í slíkum viðskiptum er afhending vöru og þjónustu, sem greitt er fyrir með greiðslukorti, til annars en korthafa alfarið á ábyrgð söluaðila.
- 6.9 Vanræksla á einu eða fleirum framangreindra atriða veitir Valitor rétt til að hafna greiðslu úttektar eða, hafi Valitor greitt úttekt til söluaðila, að endurkrefja hann um fjárhæðina eða bakfæra fjárhæðina á reikning hans. Enn fremur getur slík vanræksla söluaðila valdið tjóni svo varði bótaskyldu samkvæmt lögum.

## 7 Skyldur söluaðila

- 7.1 Við framkvæmd skilmála þessara skuldbindur söluaðili sig til að fara í hvívetna að lögum og stjórnvaldsreglum, reglum og tilmælum alþjóðlegra kortasamsteypa sem eiga vörumerki þeirra greiðslukorta sem söluaðila heimilast móttaka á eins og þær eru á hverjum tíma. Jafnframt skuldbindur hann sig til að kynna sér og fylgja þeim reglum sem Valitor setur um greiðslukortaviðskipti og fara eftir öðrum verklags- og vinnureglum sem hverju sinni gilda um þessi viðskipti, þar á meðal er átt við verklagsreglur Valitor vegna viðskipta við bílaleigur og hótél sem birtar eru á [www.valitor.is](http://www.valitor.is). Söluaðili ábyrgist að starfsfólk hans eða aðrir þeir sem taka við greiðslukortagreiðslu í hans þágu framfylgi framangreindum reglum.
- 7.2 Söluaðili ábyrgist gagnvart Valitor að allar greiðslukortafærslur sem sendar eru til Valitor:
- Endurspegli sölu á vörum eða þjónustu í daglegum rekstri söluaðila fyrir það verð sem gefið er upp í færslunni.
  - Feli ekki í sér neinar færslur eða neina færslu fjármuna aðra en venjubundna sölu á vörum eða þjónustu í daglegum rekstri söluaðila.
  - Séu ekki gallaðar, ólöglegar eða á annan hátt þannig að það takmarki kröfu á hendur korthafa.
  - Muni hvorki hafa slæm áhrif á viðskiptavild hinna alþjóðlegra kortasamsteypa né Valitor eða koma slæmu orði á viðkomandi vörumerki.
  - Séu í samræmi við reglur alþjóðlegra kortasamsteypanna og þau lög og reglur sem gilda um viðkomandi sölu.
- 7.3 Söluaðili ábyrgist jafnframt:
- Að hann hafi ekki veðsett og muni ekki veðsetja til þriðja aðila almennar fjárkröfur (kortaveltu), hvorki í heild né að hluta, nema með skriflegu fyrirfram samþykki Valitor.



- Að hann muni ekki senda færslu til Valitor þegar hann veit, má vita eða hefur vísbendingar um að innheimta færslunnar verði vandkvæðum bundin vegna ágreinings, kröfu, gagnkröfu korthafa til skuldajafnaðar eða af öðrum ástæðum.
  - Að allar upplýsingar sem hann eða einhver á hans vegum veitir Valitor á gildistíma samnings þessa séu réttar og sannar og það séu engar upplýsingar sem áhrif geti haft á framkvæmd samningsins sem hann hefur ekki veitt Valitor.
  - Að hann muni upplýsa Valitor þegar í stað breytist aðstæður söluaðila með þeim hætti að áhrif hafi á gildi samstarfs hans við Valitor eða söluaðili verði þess var að yfirlýsingar sem hann veitti í tengslum við samningsgerð við Valitor hafi verið rangar.
- 7.4 Söluaðila er óheimilt að taka á móti korti sem greiðslu fyrir klám, vændi, eiturlyf eða hvers konar ólöglega vöru eða þjónustu og/eða sem lið í fjármögnun hryðjuverka eða peningþvætti.
- 7.5 Söluaðila er óheimilt að taka við greiðslum vegna viðskipta korthafa við þriðja aðila á grundvelli samningsins og skilmálanna.
- 7.6 Söluaðili skuldbindur sig til að halda Valitor skaðlausu af hvers kyns tapi, kröfum, skaðabótum, ábyrgð og kostnaði, þ.m.t. lögfræðikostnaði, vegna hvers kyns vanefnda söluaðila á skyldum hans samkvæmt skilmálum þessum.
- 7.7 Söluaðili skuldbindur sig til að svara með skjóttum hætti hvers kyns fyrirspurnum frá korthöfum og skal leysa allan ágreining í sem mestri sátt við korthafa.

## 8 Ógild kort – haldlagning korta

- 8.1 Greiðslukort er ógilt ef gildistími þess er liðinn. Valitor ber enga ábyrgð á úttektum með slíkum kortum. Söluaðila er skylt að leggja hald á framvísað kort í eftirfarandi tilvikum:
- Tilmæli berast um slíkt þegar úttektarheimildar er leitað símleiðis.
  - Skilaboð um slíkt koma fram á skjá afgreiðslubúnaðar og/eða á útprentuðum seðli úr prentara búnaðarins þegar úttektarheimildar er leitað með rafrænum hætti.
  - Mynd á korti, undirskrift eða önnur atriði bera með sér að sá sem framvísar korti sé annar en korthafi.
- Geti söluaðili ekki orðið við skyldu um að leggja hald á kort við framangreindar aðstæður með sanngjörnum og friðsamlegum hætti, skal söluaðili gera Valitor viðvart um atvikið. Taki söluaðili hvorki kort af handhafa né tilkynni Valitor um fyrrgreindar aðstæður telst hann hafa fyrirgert rétti sínum til að fá greiddar úttektir þær sem gerðar eru hjá honum með kortinu, þá og síðar.
- 8.2 Sé undirskriftarlína á bakhlið korts útfyllt skal söluaðili krefja handhafa korts um persónuskilríki er sanni að hann sé réttur korthafi. Að öðrum kosti skal söluaðili leggja hald á kortið.
- 8.3 Þegar hald hefur verið lagt á kort skal söluaðili klippa það í tvennt þannig að frekari notkun þess sé ekki möguleg og senda til Valitor án tafar. Sé greiðslukortið búið örgjörva skal þess gætt að hann skemmist ekki.
- 8.4 Söluaðili skal tafarlaust gera Valitor viðvart sé kort tekið af korthafa eða handhafa korts. Sama á við hafi tilefni verið til að taka kort af þeim sem framvísar því eða réttmætur grunur vaknað um að svo hafi verið en það ekki tekist.

## 9 Úttektir og úttektarseðlar

- 9.1 Söluaðili skal nota rafrænan afgreiðslubúnað þegar úttekt er gerð með greiðslukorti.
- 9.2 Óheimilt er með öllu að gefa út fleiri en eina sölunótu fyrir hverjum einstökum viðskiptum.



- 9.3 Sé rafrænn afgreiðslubúnaður ekki fyrir hendi, hann óvirkur eða náist ekki samband er heimilt að skrá úttekt með kreditkortu handvirkt. Þó er óheimilt að verða við beiðni korthafa um handvirka skráningu sé rafræn skráning möguleg. Sé úttekt með kreditkortu skráð handvirkt ber að skrá hverja úttekt á þar til gerða úttektarseðla sem Valitor dreifir eða aðrir aðilar sem til þess hafa samþykki félagsins og nota til þess þrykkivél merкта söluaðila.
- 9.4 Þegar úttekt er skráð handvirkt (handþrykktt/handskrifuð) skal söluaðili gæta þess að þar komi fram dagsetning viðskipta, upphafsstafur starfsmanns, lýsing á vöru eða þjónustu, heildarfjárhæð viðskipta, nafn korthafa, númer korts og gildistími, nafn og samningsnúmer söluaðila.
- 9.5 Sé úttektarseðill handskrifaður án þess að þrykkivél sé notuð skal söluaðili krefjast þess að korthafi leggi fram fullgild persónuskilríki með mynd og skal númer þeirra ritað á úttektarseðilinn.
- 9.6 Fari viðskipti með kreditkortu fram í pósti, með símtali eða tölvusamskiptum er söluaðila skylt að sækja um heimildarnúmer fyrir hverri úttekt rafrænt eða hjá þjónustuveri Valitor. Fáist heimild birtist heimildarnúmer rafrænt á úttektarseðli en að öðrum kosti skal númerið fært í þar til gerðan reit á seðlinum.
- 9.7 Skilyrðum um formlega viðurkenningu korthafa á úttekt sinni er fullnægt þegar korthafi slær inn PINN númer í afgreiðslubúnað, undirritar úttektarseðil og staðfestir greiðslu eða greiðir með snertilausri greiðslu. Korthafa skal afhent samrit af úttektarseðli. Söluaðila er óheimilt að krefja korthafa beint um greiðslu samkvæmt úttektarseðli nema Valitor hafi framselt söluaðilanum innheimturéttinn með því að bakfæra greiðslu til söluaðila.
- 9.8 Engar breytingar má gera á úttektarseðli eftir undirritun korthafa. Óheimilt er að dagsetja úttektarseðla fram í tímann.
- 9.9 Allar úttektir eru alfarið á ábyrgð söluaðila sem hann gerir án þess að korthafi framvísi korti, staðfesti úttekt með innslætti PINN númers eða undirriti úttektarseðil, s.s. í pósti, í símtali, með netviðskiptum eða með því að söluaðili afhendi vöru eða þjónustu án þess að krefjast formlegrar staðfestingar. Valitor getur hafnað því að greiða slíkar úttektir ef korthafi mótmælir að hann hafi heimilað þær. Ef Valitor greiðir slíka úttekt er það gert með þeim ótvíræða fyrirvara að heimilt sé að endurkrefja söluaðila um fjárhæðina inni korthafi ekki af hendi greiðslu til útgefanda kortsins. Hafi slík úttekt verið millifærð á reikning söluaðila vegna úttektar með debetkorti getur félagið eða útgefandi kortsins skuldfært fjárhæðina á reikning söluaðila eða dregið hana frá síðara uppgjöri til söluaðila. Vegna bílaleigu- og hótél viðskipta gilda auk framangreindra greina verklagsreglur vegna viðskipta við bílaleigur og hótél sem birtar eru á [www.valitor.is](http://www.valitor.is).

## 10 Afgreiðslubúnaður

- 10.1 Í rafrænum greiðslukortaviðskiptum skuldbindur söluaðili sig til að nota eingöngu afgreiðslubúnað sem getur lesið örgjörva og stenst kröfur alþjóðlegu kortasamsteypanna um slíkan lestur. Afgreiðslubúnaðurinn skal jafnframt vera vottaður af aðila sem Valitor tilnefnir. Valitor leigir söluaðilum sem þess óska slíkan búnað. Fyrir notkun og viðhald afgreiðslubúnaðar, sem Valitor leigir söluaðilum, skal leigugjald greitt til félagsins samkvæmt verðskrá þess hverju sinni.
- 10.2 Vegna áhættustýringar í kortaviðskiptum áskilur Valitor sér rétt til að setja viðmiðunarmörk fyrir búnaðinn og að framkvæmt sé nauðsynlegt eftirlit til að tryggja að farið sé að reglum. Söluaðili skuldbindur sig til að hlíta í hvívetna öllum fyrirmælum og veita aðgang að vinnslukerfi sínu í eftirlitsskyni.

- 10.3 Verði bilun í rafrænum afgreiðslubúnaði ber söluaðila að tilkynna Valitor það án tafar. Ef aðstæður breytast eða alvarlegar rekstrartruflanir verða hjá söluaðila getur Valitor lokað á aðgang að kerfinu án sérstaks fyrirvara.
- 10.4 Valitor annast afhendingu afgreiðslubúnaðar til söluaðila ákveði söluaðili að leigja búnaðinn af Valitor. Valitor veitir einnig söluaðila nauðsynlegar upplýsingar um notkun og virkni búnaðarins. Söluaðili ber ábyrgð á því að tenging búnaðarins við símkerfi fjarskiptafyrirtækja sé virk. Hann greiðir allan símkostnað, lagnir og annan rekstrarkostnað sem fellur til vegna notkunar á búnaðinum nema um annað sé sérstaklega samið, s.s. vegna skammtímaleigu á búnaði.
- 10.5 Valitor er heimilt að krefja söluaðila um sérstaka tryggingu vegna leigu á afgreiðslubúnaði til hans, einkum þegar um er að ræða leigu á GSM/GPRS búnaði. Verði vanskil á greiðslu leigugjalds er Valitor heimilt að taka búnað úr vörslu söluaðila.
- 10.6 Valitor annast viðhald og endurnýjun afgreiðslubúnaðar. Bili búnaður skal söluaðili tilkynna það þegar í stað til Valitor sem annast nauðsynlegar viðgerðir. Ef nauðsyn krefur skal senda búnaðinn til Valitor eða aðila sem Valitor tilnefnir sem skiptir honum út fyrir annan innan sólarhrings frá móttöku hans. Söluaðili greiðir kostnað við viðgerð á búnaði stafi bilun af gáleysislegri meðferð á honum. Sama máli gegnir ef búnaður í vörslu söluaðila glatast eða eyðileggst á leigutíma og rekja má tjónið til ásetnings eða gáleysis af hálfu söluaðila. Valitor er þá heimilt að skuldfæra andvirði tjónsins á ráðstöfunarreikning söluaðila.
- 10.7 Eignarréttur á afgreiðslubúnaði í útleigu helst ætíð hjá Valitor og getur félagið krafist þess að búnaðurinn sé merktur félaginu með auðkenni sem það lætur í té. Meðan samstarfssamningur um leigu búnaðar er í gildi má söluaðili ekki framselja öðrum búnaðinn, veita öðrum aðila afnot af honum eða afhenda hann með öðrum hætti án skriflegs samþykkis Valitor. Söluaðila er óheimilt að breyta búnaðinum, skeyta honum við eða blanda saman við aðra eign sína eða þriðja aðila nema að fengnu skriflegu samþykki félagsins.

## 11 Netviðskipti

- 11.1 Söluaðili skal gera sérstakan samning um netviðskipti við Valitor. Söluaðila er óheimilt að taka við greiðslum í gegnum netið án þess að gera fyrst samstarfssamning við félagið um veflausnir Valitor. Söluaðili móttækur netgreiðslur á eigin ábyrgð.
- 11.2 Öll netviðskipti með kort milli korthafa og söluaðila skulu brengluð skv. SSL-staðli. Uppfylli söluaðili ekki brenglun skv. SSL-staðli greiðir Valitor slíka úttekt ætíð með þeim ótvíræða fyrirvara að heimilt sé að draga fjárhæð úttektarinnar frá síðara uppgjöri til söluaðila. Mótmæli korthafi færslu verður hún bakfærð þegar í stað á söluaðila. Söluaðila sem selur vörur eða þjónustu á Netinu verður skylt að nota við sölu á öryggisbúnað sem Valitor áskilur þegar sá búnaður hefur verið tekinn í notkun. Rafrænn búnaður viðurkenndur af Valitor er nauðsynlegur til móttöku á kortnúmerum vegna sjálfvirkrar heimildaleitar, gagnaskráningar og færsluinnsendinga. Allur slíkur búnaður þarf að vera vottaður af þar til bærum aðila áður en hann er tekinn í notkun.
- 11.3 Söluaðili skal gæta þess að greiðslur sem gerðar eru á netinu séu merktar sérstaklega sem netgreiðslur en óheimilt er að taka við kortaupplýsingum á netinu ef skrá á úttekt með öðrum hætti, s.s. með því að slá inn kortnúmer í afgreiðslutæki.
- 11.4 Söluaðili skal birta á vefsíðu sinni eftirfarandi upplýsingar með greinargóðum og aðgengilegum hætti:

- Nafn og heimilisfang söluaðila.
- Helstu eiginleika vöru eða þjónustu. Verð vöru eða þjónustu, þar með talin öll opinber gjöld, svo og afhendingarkostnaður ef það á við.
- Fyrirkomulag á greiðslum og upplýsingar um afhendingu.
- Hvernig vöruskil og endurgreiðslur fara fram ásamt upplýsingum um ábyrgð á vöru eða þjónustu og ef við á hvernig áskrift við söluaðila er sagt upp.

11.5 Um gildistíma, uppsögn og lok samstarfssamnings um netviðskipti er vísað til kafla 22 hér að aftan.

## 12 Úttektarmörk

- 12.1 Í rafrænum viðskiptum með greiðslukortum gilda rafræn úttektarmörk Valitor um hver viðskipti. Óheimilt er að gefa út fleiri en einn úttektarseðil fyrir einstökum viðskiptum í því skyni að komast fram hjá rafrænum úttektarmörkum. Áhættustýring er mismunandi eftir eðli viðskipta og er forrituð í þann afgreiðslubúnað sem í notkun er á hverjum stað. Vegna áhættustýringar í greiðslukortaviðskiptum áskilur Valitor sér rétt til að endurskoða úttektarmörk ef ástæða þykir til og hafa nauðsynlegt eftirlit til að tryggja að rétt sé að öllu staðið. Söluaðili skuldbindur sig til að hlíta reglum og öðrum fyrirmælum Valitor varðandi úttektarmörk og nauðsynlegt eftirlit.
- 12.2 Ef heimildarbeiðni um rafræn viðskipti er synjað af Valitor er söluaðila óheimilt að reyna að afla heimildar aftur. Fáist heimild samt sem áður, þegar söluaðili leitar hennar aftur, getur félagið hafnað að greiða söluaðila úttektir með kortinu. Greiði félagið slíka úttekt er það gert með þeim ótvíræða fyrirvara að heimilt sé að endurkrefja söluaðila um fjárhæðina inni korthafi greiðslu ekki af hendi til félagsins eða útgefanda greiðslukortsins.
- 12.3 Söluaðila er skylt að hlíta úttektarmörkum sem Valitor setur í viðskiptum þegar þrykkivél er notuð eða úttektarseðlar handskrifaðir við afgreiðslu úttektar og kreditkorti er framvísað á sölustað. Valitor er heimilt að endurskoða þessi úttektarmörk. Ef andvirði viðskipta fer yfir úttektarmörk ber söluaðila að sækja um heimild fyrir viðskiptunum hjá þjónustuveri félagsins. Sé slík heimild veitt er söluaðila látið í té sérstakt heimildarnúmer sem færa ber í tilætlaðan reit á úttektarseðli.
- 12.4 Söluaðila ber ávallt að sækja um heimild fyrir viðskiptum til þjónustuvors Valitor þegar korthafi greiðir með fyrirframgreiddu korti.

## 13 Uppgjörstímabil kreditkorta

- 13.1 Uppgjörstímabil vegna kreditkorta er u.þ.b. 30 dagar og miðast við 22. hvers mánaðar til og með 21. næsta mánaðar.

## 14 Innsending færsluskrár, úttektarseðla o.fl.

- 14.1 Söluaðili skal daglega senda Valitor færsluskrár vegna rafrænna úttekta með greiðslukortum. Sé færsluskrám eigi framvísað innan 6 daga frá því að úttekt er gerð fellur ábyrgð félagsins á úttektinni niður. Söluaðilinn ábyrgist að allt sem fram kemur á innsendri færsluskrá sé rétt og að afhent hafi verið sú vara eða þjónusta, eða muni verða afhent, sem þar er tilgreind.
- 14.2 Misfarist innsending færsluskrár ber söluaðila að framvísa frumritum úttektarseðla til Valitor eins fljótt og því verður við komið. Berist úttektarseðill/færsla vegna kreditkortaviðskipta ekki innan sex mánaða frá því færsla átti sér stað verður úttektin ekki skuldfærð á korthafa nema að höfðu samráði við hann. Vegna debetkortaviðskipta verður úttektarseðill/færsla að berast innan

þriggja mánaða frá því að færsla átti sér stað annars verður hún ekki skuldfærð án samþykkis korthafa.

- 14.3 Handþrykktum/handskrifuðum úttektarseðlum ber að skila daglega en í síðasta lagi innan viku frá útgáfudegi. Söluaðili skal senda rétt útfyllta úttektarseðla til Valitor. Sé úttektarseðlum eigi framvísað innan fimmtán daga frá því að úttekt er gerð fellur ábyrgð félagsins á úttektunum niður. Hverjum bunka af úttektarseðlum skal fylgja samdráttarblað þar sem fram kemur heildarfjárhæð og fjöldi seðla. Með því að framvísa handþrykktum/handskrifuðum úttektarseðli ábyrgist söluaðili að allt sem þar kemur fram sé rétt og að afhent hafi verið sú vara eða þjónusta, eða muni verða afhent, sem þar er tilgreind. Valitor ábyrgist að uppgjör við söluaðila vegna úttekta skv. handþrykktum/handskrifuðum úttektarseðlum geti farið fram 1. virka dag næsta mánaðar sé úttektarseðlum skilað til Valitor í síðasti lagi 1. virka dag næsta uppgjörstímabils. Valitor áskilur sér rétt til að innheimta sérstakt gjald og/eða álag á þóknun vegna aukakostnaðar sem fellur til þegar söluaðili hefur ekki skilað inn upplýsingum til Valitor innan tilskilins frests.
- 14.4 Valitor er heimilt að neita að taka við úttektarseðlum og upplýsingum um færslur sem eru eldri en 12 mánaða.
- 14.5 Söluaðili er ábyrgur fyrir vörslu frumrita úttektarseðla með skipulögðum hætti í ár frá dagsetningu seðils. Í allt að ár frá dagsetningu úttektarseðils er söluaðila skylt að afhenda Valitor frumrit einstakra úttektarseðla sé þess óskað. Afhendingin skal vera innan þriggja virkra daga frá því að beiðni berst, hvort sem ástæða beiðinnar stafar af ágreiningi eða af því að skrá þurfi úttektarseðlana vegna þess að rafræn innsending hafi misfarist. Sinni söluaðili ekki slíkri beiðni er Valitor heimilt að draga fjárhæð úttektarinnar frá síðara uppgjöri til söluaðila.
- 14.6 Söluaðila ber skylda til að afhenda Valitor afrit einstakra viðskiptareikninga vegna þeirra viðskipta er standa að baki úttekt korthafa óski félagið þess. Söluaðili er ábyrgur fyrir vörslu frumrita rafrænna og handþrykktu/handskrifaðra úttektarseðla í eitt ár.
- 14.7 Valitor er heimilt að fela öðrum að annast móttöku rafrænt skráðra upplýsinga um viðskipti með kortum sem og aðra fyrirfram skilgreinda þætti samskipta við söluaðila sem tengjast þessari færslusöfnun. Engu að síður ber félagið fulla ábyrgð á framkvæmd samningsskyldu sinnar gagnvart söluaðilum.
- 14.8 Söluaðili skal varðveita lykilorð afgreiðslubúnaðar með öruggum hætti. Lykilorðið skal einungis dreift til starfsmanna söluaðila sem nauðsynlega þurfa á því að halda vegna starfa sinna.

## **15 Ábyrgð Valitor á úttektum korthafa og gagnvart söluaðila**

- 15.1 Valitor ábyrgist greiðslu allra úttekta með gildum greiðslukortum þegar örgjörvi korts er lesinn af afgreiðslubúnaði til að skrá úttekt og korthafi staðfestir síðan greiðslufjárhæð með PINN númeri. Ábyrgð Valitor gildir þótt korthafi mótmæli að hann hafi slegið inn PINN númer. Sé úttektin ekki staðfest með PINN-innslætti getur Valitor hafnað að greiða söluaðila úttektina mótmæli korthafi að hann hafi heimilað greiðsluna. Greiði Valitor slíka úttekt er það ætíð gert með þeim ótvíræða fyrirvara að heimilt sé að endurkrefja söluaðila um fjárhæðina ef korthafi innir ekki greiðslu af hendi til útgefanda kortsins.
- 15.2 Valitor ábyrgist greiðslu allra úttekta með gildum greiðslukortum þegar nauðsynlegt reynist fyrir söluaðila að láta afgreiðslubúnað lesa segulrönd korts til að unnt sé að skrá úttekt, hvort sem viðkomandi kort er búið örgjörva eða ekki. Sama gildir sé úttekt skráð handvirkt (handþrykkt/handskrifuð) af söluaðila. Áskilið er að korthafi hafi sjálfur framvísað korti á sölustað og undirritað úttektarseðil með eigin hendi. Sé úttektin ekki staðfest með undirritun

korthafa á úttektarseðil getur Valitor hafnað að greiða söluaðila úttektina mótmæli korthafi að hann hafi heimilað greiðsluna. Greiði Valitor slíka úttekt er það ætíð gert með þeim ótvíræða fyrirvara að heimilt sé að draga fjárhæð úttektarinnar frá síðara uppgjöri til söluaðila ef korthafi innir ekki greiðslu af hendi til útgefanda kortsins.

15.3 Ábyrgð Valitor, samkvæmt gr. 15.1 og 15.2, er enn fremur háð því að söluaðili hafi að öðru leyti efnt skyldur sínar, gætt varúðarskyldu og hagað afgreiðslu viðskiptanna að öllu leyti í samræmi við samstarfssamning, sérsamninga og viðskiptaskilmála þessa.

15.4 Valitor ber ekki ábyrgð gagnvart söluaðila:

- Á hvers kyns tapi eða ábyrgð sem leiðir af höfnun heimildar til korthafa, því að söluaðili leggi hald á kort korthafa eða tilraunum til slíkrar haldlagningar.
- Hvers kyns tapi sem leiðir af galla eða bilun í hugbúnaði hvort sem hann er eign söluaðila eða Valitor.
- Hvers kyns tapi eða ábyrgð sem leiðir af því að ekki er unnt að veita þjónustu vegna uppsagnar samninga við aðila sem bera ábyrgð á tæknilegum útfærslum og öðrum tæknilegum útfærslum (s.s. hugbúnaðarfyrirtæki).
- Á missi hagnaðar, refsikenndum skaðabótum eða óbeinu tjóni söluaðila eða einhvers þriðja aðila.

Söluaðili skal tryggja að noti starfsmaður hans eigið kort í viðskiptum sínum við söluaðilann sinni annar starfsmaður skráningu úttektarinnar.

15.5 Söluaðili er ábyrgur gagnvart Valitor hafi hann eða starfsfólk hans sýnt verulegt gáleysi eða vísitandi tekið þátt í rangri notkun korts eða búnaðar.

15.6 Söluaðili skal eingöngu krefja Valitor um greiðslur vegna úttekta sem stofnað er til með kortum í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma en aldrei korthafa sjálfa.

15.7 Hafni Valitor greiðsluskyldu sinni gagnvart söluaðila hefur félagið heimild til að framselja þann rétt sem það kann að eiga á korthafann til söluaðila sem þá getur beint kröfum sínum að korthafa.

15.8 Valitor tekur ekki að sér milligöngu eða ábyrgð vegna ágreinings sem rísa kann á milli söluaðila og korthafa vegna gæða vöru eða þjónustu sem greitt er fyrir með greiðslukorti.

15.9 Verði einhver mistök, truflanir eða tafir á þjónustu Valitor á grundvelli samstarfssamnings skal ábyrgð Valitor takmarkast við að lagfæra slík mistök, truflanir eða tafir, án ástæðulausrar tafar.

## 16 Uppgjör og uppgjörstímabil vegna greiðslukorta

16.1 Hafi söluaðili gert samkomulag um mánaðarlegt uppgjör er uppgjörstímabil vegna úttekta með kreditkortum í samræmi við uppgjörstímabilið sem kemur fram í 13. kafla þessara skilmála. Andvirði viðskipta er greitt á ráðstöfunarreikning söluaðila 1. virka dag næsta mánaðar eftir að uppgjörstímabili lýkur enda hafi söluaðili haldið viðskiptaskilmála þessa og ekki sérstaklega verið samið um aðra greiðslutilhögun.

16.2 Hafi söluaðili gert samkomulag um tíðara uppgjör skal gildistími samkomulagsins að lágmarki vera eitt uppgjörstímabil. Vilji söluaðili segja samkomulaginu upp skal hann tilkynna það til Valitor með sannanlegum hætti. Uppsögn tekur gildi miðað við upphaf næsta uppgjörstímabils hjá söluaðila nema Valitor samþykki skemmri uppsagnarfrest. Óski söluaðili eftir að samkomulagið öðlist gildi á nýjan leik tekur það gildi frá upphafi næsta uppgjörstímabils enda hafi Valitor samþykkt endurnýjun samkomulagsins. Valitor áskilur sér rétt til að segja samkomulaginu upp með viku fyrirvara telji félagið fjárhags- eða rekstrarstöðu söluaðila ófullnægjandi. Söluaðila skal tilkynnt um uppsögnina með sannanlegum hætti.

- 16.3 Andvirði viðskipta með íslenskum debetkortum er greitt á ráðstöfunarreikning söluaðila í lok sama dags og upplýsingar um viðskipti berast Valitor enda hafi safnkerfi félagsins tekið við færslunum í tæka tíð fyrir daglega vinnslu, nú fyrir kl. 21.30 hvern virkan dag og eru til ráðstöfunar fyrir söluaðila næsta virka dag.
- 16.4 Uppgjör viðskipta með erlendum debetkortum er með sama hætti og uppgjör kreditkorta, sbr. 13.1.

## 17 Ógilding/endurgreiðsla

- 17.1 Þurfi söluaðili að ógilda eða endurgreiða viðskipti sem gerð hafa verið með kreditkorti er honum óheimilt að endurgreiða korthafanum í reiðufé. Með afgreiðslubúnaði fyrir rafræn viðskipti er mögulegt að framkvæma endurgreiðslu eða ógildingu til lagfæringar á röngum færslum inn á greiðslukortareikning korthafa. Framkvæmi söluaðili endurgreiðslur samkvæmt þessari grein er honum aðeins heimilt að endurgreiða korthöfum á það kort sem notað var í viðskiptunum.
- 17.2 Í viðskiptum þar sem söluaðili notar þrykkivél við afgreiðslu úttekta með kreditkortum eða handskrifar úttektarseðla er einungis heimilt að nota sérstakar endurgreiðslunótur, sem félagið samþykkir, til endurgreiðslu eða ógildingu viðskipta. Þær skulu útfylltar eins og form þeirra segir fyrir um og skilað til Valitor í sér bunka með samdráttarblaði.
- 17.3 Söluaðila er skylt að endurgreiða þeim sem greitt hefur með debetkorti þegar hann skilar vörum, þiggur ekki þjónustu eða viðskipti ganga með öðrum hætti til baka, í reiðufé, með innlögnum á bankareikning korthafa eða með skriflegri beiðni til Valitor um endurgreiðslu. Meðfylgjandi endurgreiðslubeiðni skal vera afrit kvittunar þar sem varan er tilgreind sem móttekin var og fjárhæð hennar enda hafi korthafi rétt til að rifta samningi samkvæmt almennum reglum.
- 17.4 Heimili söluaðili að viðskipti gangi til baka, án þess að honum sé það skylt, getur hann bundið slíkt við úttekt korthafa á vöru eða þjónustu í rekstri sínum innan nánar tiltekinna tímamarka lögum samkvæmt.

## 18 Þóknun Valitor og uppgjör við söluaðila

- 18.1 Vegna debetkortaviðskipta söluaðila er Valitor heimilt að skuldfæra ráðstöfunarreikning hans fyrir þjónustugjöldum og öðrum gjöldum samkvæmt verðskrá og samstarfssamningi svo og vegna endurgreiðslna, leiðréttinga/bakfærslna og áfallins kostnaðar. Gjöldin eru dregin frá í hverju uppgjöri eða skuldfærð af ráðstöfunarreikningi söluaðila. Félaginu er í sama skyni heimilt að skuldajafna framangreind gjöld, endurgreiðslur og kostnað á móti andvirði debetkortaviðskipta hjá söluaðila.
- 18.2 Vegna kreditkortaviðskipta söluaðila er Valitor heimilt að draga þjónustugjöld og önnur gjöld, samkvæmt verðskrá félagsins og samstarfssamningi, frá heildarfjárhæð hvers uppgjörstímabils. Félaginu er einnig heimilt að draga frá sömu fjárhæð áfallinn kostnað, leiðréttingar vegna fyrri uppgjóra svo og andvirði úttektarseðla sem brjóta í bága við ákvæði samstarfssamnings, sérsamninga og þessara viðskiptaskilmála og sem eru umfram heimil úttektarmörk, eru falsaðir eða gerðir með fölsuðu eða ógildu korti. Valitor er einnig heimilt að skuldfæra ráðstöfunarreikning söluaðila vegna framangreindra liða.
- 18.3 Leigi Valitor söluaðila afgreiðslubúnað er félaginu heimilt að draga leigugjald samkvæmt verðskrá og annan kostnað frá heildarfjárhæð debet- og/eða kreditkortaviðskipta á hverju uppgjörstímabili. Félaginu er einnig heimilt að skuldfæra ráðstöfunarreikning söluaðila vegna þessara gjalda. Áskilinn er réttur til að endurskoða leigugjaldið á 6 mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs eða vegna breytinga á búnaði.



- 18.4 Í samstarfssamningi er kveðið á um þóknun söluaðila vegna VISA, VISA Electron, MasterCard og Maestro kredit- og debetkorta. Valitor er heimilt að endurskoða þóknunir söluaðila í samræmi við umfang og eðli viðskipta. Endurskoðun skal vera í samræmi við birta verðskrá Valitor á hverjum tíma. Þóknun vegna viðtöku erlendra debetkorta er hin sama og þóknun vegna erlendra kreditkorta. Valitor birtir breytilegt lágmark og/eða hámark þóknunar í verðskrá sinni.
- 18.5 Valitor er heimilt að leggja viðbótarálag við þóknun, skv. verðskrá hverju sinni, þegar greitt er með erlendum greiðslukortum. Álagið skal miðast við alþjóðleg millikortagjöld sem félagið greiðir erlendum samstarfsaðilum vegna notkunar korta útgefnum af þeim.
- 18.6 Valitor áskilur sér rétt til að leggja sérstakt gjald eða álag á þóknun samkvæmt verðskrá hverju sinni þegar skrá þarf upplýsingar handvirkt þar sem koma má við rafrænni skráningu.
- 18.7 Komi til þess að alþjóðleg kortasamsteypa leggi sektir eða gjöld á Valitor vegna þess að söluaðili hafi brotið í bága við skilmála þessa, sérskilmála eða samþykktir, reglur, reglugerðir, leiðbeiningarreglur, stefnuyfirlýsingar eða viðmiðunarmörk sem eru útgefin af alþjóðlegri kortasamsteypu, verður fjárhæð þeirrar sektar eða gjalds dregin frá næsta uppgjöri Valitor við hann. Fáir Valitor ekki fullnægt kröfu sinni með framangreindu verður hún innheimt með hefðbundnum hætti sem viðskiptakrafa.
- 18.8 Verði vanskil á greiðslu gjalda eða kostnaðar samkvæmt samstarfssamningi, sérsamningum eða skilmálum þessum skal söluaðili greiða dráttarvexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga nr. 38/2001, ásamt kostnaði vegna vanskila í samræmi við verðskrá Valitor á hverjum tíma.
- 18.9 Verðskrá Valitor er birt á heimasíðu félagsins, [www.valitor.is](http://www.valitor.is). Breytingar á verðskrá skulu tilkynntar á heimasíðu félagsins a.m.k. einni viku áður en þær taka gildi.
- 18.10 Ef skuldbindingar söluaðila samkvæmt samningi (samstarfssamningi, sérsamningi eða hverjum öðrum samningi sem í gildi er milli Valitor og söluaðila) sem falla undir skilmála þessa eru gjaldfelldar getur Valitor skuldajafnað sérhverri réttmætri kröfu á hendur söluaðila gagnvart sérhverjum kröfum söluaðila vegna viðskiptasambands aðila þvert á samninga, og gildir þetta hvort sem krafan er vegna uppgjörs eða bakfærslu eða á rót sína í öðrum viðskiptum þeirra á milli. Valitor er heimilt að draga frá uppgjöri til söluaðila fjárhæð sem ágreiningur er um ef úttekt er ekki greidd til félagsins eða henni hefur verið mótmælt af korthafa. Fjárnám kröfuhafa söluaðila í inneign hans hjá félaginu, gjaldþrotaskipti á búi hans eða framsal söluaðila á kröfum sínum á félagið til þriðja aðila takmarkar ekki þennan rétt nema lög kveði á um slíkt eða félagið hafi sérstaklega fallið frá skuldajöfnunarheimild sinni eða sérstaklega samþykkt þriðja aðila sem framsals- eða veðhafa.
- 18.11 Hafi söluaðili verið lýstur gjaldþrota er Valitor heimilt að halda eftir greiðslum vegna mánaðarlegs uppgjörs til að tryggja sig fyrir væntanlegum endurkröfum á hendur honum. Við beitingu þessa ákvæðis mun félagið gæta þess að halda ekki eftir meira fé en því sem nauðsynlegt er til slíkrar tryggingar og ekki lengur en nauðsyn krefur.

## 19 Trúnaðarskylda

- 19.1 Valitor er eini eigandi allra gagna og upplýsinga sem eru í færslukerfi félagsins og eiga uppruna sinn í segulrönd/örgjörva eða þrykktum upplýsingum korta.
- 19.2 Söluaðila er óheimilt að upplýsa þriðja aðila um efni viðskipta og honum ber skylda til að koma í veg fyrir að upplýsingar um nafn korthafa, kortnúmer hans og öryggisnúmer komist í hendur óviðkomandi aðila.



- 19.3 Söluaðila er skylt að uppfylla skilyrði staðals fyrir gagnaöryggi hjá greiðslukortafyrirtækjum (Payment Card Industry Data Security Standard, PCI DSS). Söluaðila er ekki heimilt undir nokkrum kringumstæðum að geyma upplýsingar um öryggisnúmer greiðslukorta (CVV, CVC, CVV2, iCVV og PVV). Honum ber skylda til að fylgja fyrirmælum Valitor, eða aðila sem Valitor tilnefnir, um aðgang að kerfum, þ. á m. um meðferð og vörslu kortaupplýsinga á rafrænu formi og veita vottunaraðilum aðgang að búnaði sínum og kerfum.
- 19.4 Söluaðili skal gæta fyllsta trúnaðar gagnvart korthafa vegna viðskipta þeirra á milli og upplýsingar um þau má hann aðeins geyma í samræmi við PCI DSS staðalinn til nota í bókhaldi sínu. Upplýsingarnar má einungis láta öðrum í té vegna rannsóknar opinberra mála sé þeirra krafist eða skylt sé að láta upplýsingarnar af hendi lögum samkvæmt. Verði misbrestur á þessu heimilast Valitor að halda eftir allt að 10% af næstu uppgjörum til söluaðila á meðan atvikið er í rannsókn. Að henni lokinni fær söluaðili greidda þá fjárhæð sem haldið hefur verið eftir að frádregnum kostnaði, skv. grein 19.5.
- 19.5 Komi til þess að alþjóðleg kortasamsteypa krefjist þess að aðkeyptir sérfræðingar rannsaki hvernig gögn hafi komist í hendur utanaðkomandi aðila, hvernig gögn hafi verið geymd hjá söluaðila o.s.frv. og/eða Valitor telji með rökstuddum hætti nauðsyn á því verður sá kostnaður dreginn frá næsta uppgjöri Valitor til söluaðila. Fáir Valitor ekki fullnægt kröfu sinni með framangreindu verður hún innheimt með hefðbundnum hætti sem viðskiptakrafa.

## 20 Framsal réttar söluaðila

- 20.1 Söluaðila er óheimilt að framselja rétt sem viðskipti við korthafa skapa honum nema til aðila sem uppfylla skilyrði Valitor til framsals enda hafi viðkomandi aðili samning við félagið um ráðstöfun greiðslna til sín. Almenn skilyrði félagsins eru að framsalshafi sé fjármálafyrirtæki og við framsal sé stuðst við staðlað orðalag sem tekur fullt tillit til takmörkunar framsalsins samkvæmt formi sem Valitor gerir aðgengilegt á heimasíðu sinni. Framsal söluaðila til annarra en þeirra sem uppfylla almenn skilyrði félagsins og ekki hafa samning við félagið um ráðstöfun greiðslna til sín, sbr. framangreint, er með öllu óskuldbindandi gagnvart Valitor og skerðir m.a. ekki rétt þess til skuldajöfnunar.

## 21 Breytingar á skilmálum

- 21.1 Valitor áskilur sér rétt til breytinga á skilmálum þessum og skulu þær tilkynntar söluaðilum í rafrænu fréttabréfi sem sent er á uppgefið netfang söluaðila og á þjónustuvef eða með öðrum sannanlegum hætti áður en ný eða breytt ákvæði taka gildi. Auk þess eru nýir skilmálar kynntir fyrir gildistöku þeirra á [www.valitor.is](http://www.valitor.is). Breytingar taka gildi ekki komið fram skrifleg mótmæli af hálfu söluaðila innan tveggja vikna frá útsendingardegi tilkynninga um breytingu á skilmálum í rafræna fréttabréfinu, að undanskildum þeim tilvikum er fram koma í grein 21.2. Komi fram mótmæli skal reynt að ná sáttum en takist það ekki innan eins mánaðar frá því að mótmæli koma fram er söluaðilasamningur svo og sérsamningar þar með fallnir úr gildi.
- 21.2 Séu breytingar nauðsynlegar á skilmálum þessum vegna krafna alþjóðlegu kortasamsteypanna eða stjórnvalda skulu slíkar breytingar tilkynntar söluaðilum með sama hætti og í grein 21.1. Slíkar breytingar taka gildi á útsendingardegi rafræns fréttabréfs.

## 22 Gildistími, uppsögn og lok samnings

- 22.1 Skilmálar þessir skulu gilda frá og með þeim tíma sem samstarfssamningurinn tekur gildi og þar til hann fellur úr gildi. Þann tíma er söluaðila skylt að veita greiðslum með öllum greiðslukortum

- viðtöku í samræmi við skilmála þessa. Taki söluaðili sem ekki hefur undirritað samstarfssamning við greiðslukortum sem greiðslu fyrir vöru eða þjónustu telst hann hafa samþykkt þessa skilmála.
- 22.2 Hvorum aðila um sig er heimilt að segja upp samstarfssamningi og skilmálum þessum. Skal samningnum sagt upp skriflega og fellur hann þá úr gildi tveimur mánuðum eftir móttöku uppsagnarbréfs frá og með næstu mánaðamótum eftir uppsögn. Allar samningskyldur aðila haldast á uppsagnarfresti.
- 22.3 Þrátt fyrir ákvæði greinar 22.2 er Valitor heimilt að rifta samstarfssamningi við söluaðila án fyrirvara og fellur hann þá þegar úr gildi ef:
- (a) Alvarlegar rekstrartruflanir verða hjá söluaðila.
  - (b) Söluaðili vanefnir skyldur sínar eða brýtur á annan hátt gegn samstarfssamningi eða skilmálum þessum. Vanefnd á einum samstarfssamningi jafngildir vanefnd á öðrum samstarfssamningi eða samstarfssamningum sem skráðir eru á sömu kennitölu. Þá jafngildir vanefnd á sérsamningum söluaðila jafnframt vanefnd á öðrum samningum við Valitor.
  - (c) Hvers kyns upplýsingar eða yfirlýsingar sem söluaðili hefur gefið fyrir eða á gildistíma samnings og eru rangar eða ófullnægjandi að mati Valitor.
  - (d) Söluaðili, starfsmenn hans, umboðsaðilar eða aðrir sem hann ber ábyrgð á gerast sekir um svik eða sambærilegar aðgerðir af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða Valitor telur að slíkir aðilar hafi, séu að eða muni stunda ólögsmætar aðgerðir, svo sem svik af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Fella skal að jöfnu stórfellt gáleysi og almennt gáleysi þar sem fjárhæðir eru miklar og/eða aðilar hefðu átt að vita betur, voru varaðir við eða stunduðu áhættusöm viðskipti.
  - (e) Söluaðili brýtur gegn einhverjum ákvæðum reglna alþjóðlegra kortasamsteypa.
  - (f) Árangurslaust fjárnám er gert hjá söluaðila, hann óskar eftir nauðasamningum eða greiðslustöðvun eða krafa kemur fram um að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta. Hvers kyns tryggingaráðstöfun eða trygging söluaðila sem tengist framkvæmd samnings þessa er sagt upp, er ógilt, fellur úr gildi af öðrum ástæðum eða reynist ófullnægjandi að mati Valitor.
  - (g) Söluaðili stendur ekki við viðvarandi upplýsingaskyldu sína samkvæmt skilmálum þessum eða upplýsingar gefnar á grundvelli upplýsingaskyldu söluaðila eru rangar eða ófullnægjandi að mati Valitor. Söluaðili breytir um starfsemi þannig að meginstarfsemi söluaðila verður önnur en við undirritun samnings þessa. Umtalsverð breyting verður að mati Valitor á veltu söluaðila eða fjölda færslna. Starfsemi söluaðila er að mati Valitor ekki í samræmi við góða viðskiptahætti. Ef einhverjir þeir atburðir verða í rekstri eða vegna hegðunar söluaðila sem samkvæmt einhliða mati Valitor eru þess eðlis að viðskiptasamband Valitor við söluaðila kunni að stefna viðskiptavild eða orðspori Valitor eða alþjóðlegra kortasamsteypa í hættu eða slíkir atburðir leiða til gruns um svik eða lögbrots í starfsemi söluaðila eða hann uppfyllir ekki lengur áhættustefnu Valitor, allt að mati Valitor.
  - (h) Alþjóðleg kortasamsteypa krefst þess eða beinir því til Valitor að hætta viðskiptum við söluaðila.
  - (i) Söluaðili vanefnir skyldur sínar til að greiða gjaldfallin gjöld samkvæmt samstarfssamningi, sérsamningum eða skilmálum þessum lengur en í 30 daga.

- 22.4 Verði alvarlegar rekstrartruflanir hjá söluaðila eða hann brýtur á einhvern hátt gegn samstarfssamningi eða skilmálum þessum getur Valitor rift samningnum svo og sérsamningum við söluaðila án sérstaks fyrirvara. Vanefnd á sérsamningi jafngildir jafnframt vanefnd á öðrum samningum við Valitor. Öll misnotkun söluaðila á þeirri aðstöðu sem samstarfssamningurinn veitir honum eða á þeim búnaði sem hann leigir af Valitor, s.s. með óheimilum viðskiptum eða endurgreiðslum, er óheimil og réttlætir riftun samningsins og sérsamninga af hálfu félagsins.
- 22.5 Samstarfssamningur fellur sjálfkrafa úr gildi ef söluaðili hættir rekstri eða ef engin velta hefur komið frá söluaðilanum í tengslum við samninginn í 12 mánuði. Samstarfssamning má ekki framselja og nýr eigandi þarf að gera nýjan samstarfssamning áður en greiðslukortaviðskipti geta hafist að nýju. Fyrri eiganda ber að skila þeim búnaði sem hann hefur haft á leigu. Með nýjum eiganda er átt við aðila sem hefur yfirráð yfir stjórnunarlegum ákvörðunum félagsins og í öllum tilfellum þar sem nýr aðili eignast 50% hlut í fyrirtækinu eða meira.
- 22.6 Söluaðili skal tilkynna Valitor um hvers konar breytingar á eðli starfsemi sinnar frá því sem tilgreint er í umsókn. Tilkynningarskylda tekur jafnt til þess ef söluaðili býður til sölu nýja vöruflokka, nýja þjónustu eða hættir sölu á vöru eða þjónustu. Breytingar á eðli starfsemi söluaðila sem ekki er tilkynnt um veita Valitor rétt til breytinga á þóknunarlið samnings og verulegar breytingar heimila Valitor riftun samstarfssamnings og sérsamninga. Söluaðili skal jafnframt tilkynna Valitor um nýjan framkvæmdastjóra svo og allar breytingar sem verða á prókúruumboðum sem söluaðili hefur veitt.
- 22.7 Hafi nýr fyrirsvarsmáður eða nýir eigendur áður vanefnt samstarfssamning við Valitor þannig að varði riftun er Valitor heimil fyrirvaralaus riftun samningsins.
- 22.8 Við uppsögn, riftun eða lok samnings er Valitor heimilt að halda eftir veltu til söluaðila að öllu leyti eða að hluta sem tryggingu til að mæta sérhverri framtíðarkröfu korthafa eða öðrum kostnaði sem söluaðili á að bera.
- 22.9 Við uppsögn, riftun eða lok samnings ber söluaðila að skila Valitor öllum þeim búnaði sem hann hefur haft á leigu hjá félaginu.

## 23 Óviðráðanleg atvik

- 23.1 Félagið ber ekki ábyrgð á tjóni söluaðila vegna lagaboða, stjórnvaldsaðgerða, styrjalda, hryðjuverka, verkfalla, verkanna, hindrana eða annarra álíka aðgerða. Þetta á einnig við ef undirverktakar eða birgjar félagsins beita slíkum aðgerðum eða verða fyrir þeim. Félagið ber hvorki ábyrgð á tjóni söluaðila vegna rafmagnstruflana né rafmagnsleysis eða vegna truflana í símkerfi, öðrum boðleiðum eða samgöngum.
- 23.2 Valitor ber ekki ábyrgð á neinu óbeinu tjóni, t.d. rekstrartapi söluaðila óháð því hvort tjónið sé vegna vanrækslu Valitor.

## 24 Varnarþing

- 24.1 Rísi mál vegna samstarfssamnings aðila eða sérsamninga sem tilgreindir eru í samstarfssamningi eða skilmálum þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

# SÉRSTAKIR VIÐSKIPTASKILMÁLAR VALITOR VIÐ SÖLUAÐILA

## 1 Boðgreiðslur

- 1.1 Söluaðili er frá undirritun samstarfssamnings um boðgreiðslur skuldbundinn sérstökum viðskiptaskilmálum Valitor. Frá undirritun samstarfssamningsins er söluaðila heimilt að útbúa færsluskrá samkvæmt færslulýsingu sem Valitor lætur honum í té.
- 1.2 Söluaðila er skylt að fá ótvírætt samþykki korthafa til að færa boðgreiðslur sem úttekt á kreditkort hlutaðeigandi. Söluaðila ber að veita korthafa upplýsingar um upphæðir boðgreiðslanna, hvort upphæðin sé föst eða breytileg, dagsetningu boðgreiðslunnar og hvort dagsetning boðgreiðslunnar sé breytileg, á sama tíma og samþykkis korthafa fyrir boðgreiðslum er aflað. Auk þess skal söluaðili fá upplýsingar frá korthafa um val hans á samskiptaleið vegna staðfestingar söluaðila á boðgreiðslum, sbr. grein 1.3 og tilkynningarskyldu hans, sbr. grein 1.7. Söluaðili ber ábyrgð á öllum boðgreiðslum sem hann færir sem úttekt á kreditkort korthafa ef ekkert skriflegt samþykki korthafa með fyrrgreindum upplýsingum er fyrir hendi.
- 1.3 Eftir að korthafi hefur gefið söluaðila samþykki sitt fyrir boðgreiðslum samkvæmt grein 1.2 skal söluaðili, innan tveggja virkra daga frá dagsetningu samþykkis korthafa, staðfesta boðgreiðslusamninginn með þeirri samskiptaleið sem korthafi valdi samkvæmt grein 1.2.
- 1.4 Óheimilt er að hækka verð á vöru eða þjónustu þegar kaupandi gerir boðgreiðslusamning við söluaðila.
- 1.5 Færslum í boðgreiðslum skal skilað til Valitor annaðhvort með vefþjónustu eða þeim hlaðið inn á þjónustuvefinn.
- 1.6 Færslur í boðgreiðslum skulu sendar inn til Valitor í síðasta lagi 18. hvers mánaðar. Söluaðili ábyrgist að allt sem þar kemur fram sé rétt og sú vara eða þjónusta sem þar er tilgreind hafi verið afhent.
- 1.7 Ef meira en sex mánuðir hafa liðið frá síðustu greiðslu eða ef reynslutími, prufutilboð eða annað tímabundið kynningartímabil er liðið/útrunnið eða ef breytingar verða á boðgreiðslum, t.d. upphæð þeirra eða dagsetning hefur breyst, ber söluaðila að tilkynna korthöfum a.m.k. sjö virkum dögum áður en hann færir boðgreiðslu sem úttekt á kreditkort. Skal söluaðili í þessu skyni nota þá samskiptaleið sem korthafi valdi samkvæmt grein 1.2.
- 1.8 Komi fram færslur á lokuð kort eða þeim hafnað í heimildaleit hjá Valitor verða þær ekki skuldfærðar og upplýsingar um þær verða birtar á þjónustuvef. Ef korthafi hefur fengið nýtt kort og félagið fengið upplýsingar um það mun félagið sjá um að skuldfærslan fari á hið nýja kort sé Valitor færsluhirðir þeirrar kortategundar og heimild fæst á kortið. Upplýsingar um ný kortnúmer koma fram í svarskrá og skal söluaðili nota nýja kortnúmerið við næstu innsendingu til Valitor.
- 1.9 Ef korthafi segir upp boðgreiðslum eða krefst þess með öðrum hætti að söluaðili hætti að færa boðgreiðslur sem úttekt á kreditkort sitt er söluaðila óheimilt að færa boðgreiðslur á kreditkort korthafa frá þeim tíma sem korthafi eða útgefandi tilkynnir honum um það. Ef söluaðili heldur áfram að færa boðgreiðslur á kreditkort korthafa eða skuldfærir kortið með einhverjum hætti eftir uppsögn eða kröfu korthafa er Valitor heimilt að bakfæra slíkar færslur.
- 1.10 Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar Valitor við söluaðila um boðgreiðslur.

## 2 Félagagreiðslur (Alefli)

- 2.1 Söluaðili er frá undirritun samstarfssamnings um Félagagreiðslur skuldbundinn sérstökum viðskiptaskilmálum Valitor. Frá undirritun samstarfssamningsins er söluaðila heimilt að hefja söfnun styrktarframlaga og/eða annarra greiðslna. Heimiluð hámarksfjárhæð hversrar greiðslu er tilgreind á heimasíðu félagsins [www.valitor.is](http://www.valitor.is) undir greiðsluleiðir/Félagagreiðslur. Öll skráning á Félagagreiðslum fer fram á þjónustuvef söluaðila.
- 2.2 Korthafi tilkynnir söluaðila breytingar eða óskir um niðurfellingu á greiðslum.
- 2.3 Greiðslubeiðnir sem koma eiga til gjaldfærslu á reikning korthafa á yfirstandandi uppgjörstímabili skal söluaðili skrá inn á þjónustuvefinn í síðasta lagi 15. hvers mánaðar.
- 2.4 Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar Valitor við söluaðila um félagagreiðslur.

## 3 Kortalán

- 3.1 Kortalán eru lánessamningar milli Valitor og korthafa sem fela í sér jafnar afborganir og geta annaðhvort borið vexti eða verið vaxtalausir. Þeir eru útbúnir hjá söluaðila í gegnum þjónustuvef Valitor.
- 3.2 Söluaðili er frá undirritun samstarfssamnings um kortalán skuldbundinn sérstökum viðskiptaskilmálum Valitor. Frá undirritun samstarfssamnings um kortalán er söluaðila heimilt að semja við innlenda kreditkorthafa um greiðslu á vöru og þjónustu með útgáfu kortalána til innheimtu um greiðslukerfi félagsins. Ekki er hægt að stofna kortalán á fyrirframgreidd kort og Innkaupakort. Óheimilt er að veita handhöfum erlendra greiðslukorta kortalán.
- 3.3 Söluaðili gegnir hlutverki lánamiðlara samkvæmt lögum nr. 33/2013 um neytendalán við lánveitingar samkvæmt skilmálum þessum. Verði söluaðili fyrir kostnaði í tengslum við veitingu kortalána er söluaðila heimilt að krefja korthafa um hæfilega þóknun sem endurspeglar þann kostnað, enda semji hann um það við korthafa. Sé korthafi krafinn um slíka þóknun er söluaðila skylt að upplýsa Valitor um fjárhæð hennar, sbr. c. lið 1. mgr. 22. gr., laga nr. 33/2013 um neytendalán. Skulu þær upplýsingar fylgja með þeim upplýsingum sem veittar eru á þjónustuvef Valitor skv. gr. 3.7 og 3.8 í þessum kafla.
- 3.4 Söluaðili skal taka fram í auglýsingum og skjölum, sem ætluð eru neytendum, hvert umboð hans til milligöngu um lánveitingar er, þ. á m. hvort hann starfar eingöngu fyrir einn eða fleiri lánveitendur sem óháður miðlari.
- 3.5 Áður en lánessamningur er gerður skal söluaðili afhenda lántaka eyðublað (skal jafnframt sent lántaka í tölvupósti) af þjónustuvef Valitor þar sem fram koma þær upplýsingar sem veita þarf vegna lánveitingarinnar, sbr. 7. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán.
- 3.6 Kortalán eru einungis veitt gegn mánaðarlegum endurgreiðslum korthafa og innheimt með notkun lánakerfis Valitor. Samanlögð fjárhæð mánaðarlegra greiðslna kortaláns fer eftir áhættustýringu sem meðal annars tekur mið af úttektarmörkum korthafa, skuldastöðu og viðskiptasögu. Árleg hlutfallstala kostnaðar má ekki fara yfir 50%, sbr. 21. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán. Heimilt er að dreifa greiðslum í 3 til 36 mánuði og skal mánaðarleg fjárhæð ekki vera lægri en 1.000 kr. auk vaxta og kostnaðar. Mismunandi heimildir varðandi tímalengd kortaláns o.fl. geta verið á milli einstakra kortategunda.
- 3.7 Söluaðili annast afgreiðslu kortalána gagnvart korthafa. Við afgreiðslu þessara lána er söluaðila alltaf og í öllum tilvikum skylt að nota þjónustuvef Valitor. Söluaðili skal skrá nákvæma vöru- og eða þjónustulýsingu fyrir allar þær vörur og eða þjónustu sem lánið lýtur að. Höfuðstóll kortaláns skal undantekningarlaust miðast við staðgreiðsluverð söluaðila á viðkomandi vöru eða þjónustu.

Ef einungis er greitt fyrir hluta af andvirði vöru eða þjónustu með kortaláni skal draga útborgun frá höfuðstól. Vextir kortalána, lántökugjald, færslugjald og önnur gjöld, sé um þau að ræða, reiknast samkvæmt auglýstri verðskrá Valitor eins og hún er á hverjum tíma.

- 3.8 Þegar söluaðili útbýr kortalán skal hann færa í viðeigandi reiti á þjónustuvef þær upplýsingar sem þar er krafist og ekki eru forskráðar, þ. á m. kortnúmer, gildistíma korts, höfuðstól láns og lánstíma. Skal hann gæta þess vandlega að upplýsingarnar séu í samræmi við upplýsingar á kreditkorti korthafa. Söluaðili skal kynna lántaka þýðingu og þörf þess að lántaki gefi upp netfang sem söluaðili skal skrá á þjónustuvef Valitor, hvert lántaka verða sendar upplýsingar um kortalánið og breytingar á því yfir lánstímann. Ef Valitor heimilar lánveitingu færist heimildarnúmer rafrænt á kortalánið og er þá unnt að ljúka frágangi bréfsins. Sé heimild synjað skal söluaðili hætta afgreiðslu lánsins og tilkynna korthafa að lánveiting hafi ekki verið samþykkt.
- 3.9 Sé umsókn samþykkt skal söluaðili prenta út tvö samhljóða eintök af láninu ásamt greiðsluáætlun. Korthafi og söluaðili skulu undirrita bæði eintök kortalánsins. Söluaðili skal halda eftir og varðveita annað eintak kortalánsins en afhenda korthafa hitt ásamt greiðsluáætlun, samkvæmt lögum nr. 33/2013 um neytendalán.
- 3.10 Söluaðila er óheimilt að haga afgreiðslu kortalána með öðrum hætti en lýst er í grein 3.3 til 3.6. Honum er óheimilt, að viðlagðri ábyrgð, að breyta með einum eða öðrum hætti efni lánsins eftir að rafrænni skráningu þess er lokið eða gera korthafa kleift að gera slíkar breytingar. Hafi söluaðili skráð röng vaxtakjör eða annan kostnað korthafa ber hann ábyrgð á þeim mistökum.
- 3.11 Lántaki hefur sjálfstæðan 14 daga frest til að falla frá lánssamningi án þess að tilgreina ástæðu, samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2013. Réttur þessi er óháður hugsanlegum rétti lántaka til að skila vöru. Söluaðili skal kynna lántaka að ætli hann að nýta rétt til að falla frá lánssamningi þá skuli lántaki tilkynna slíkt með sannanlegum hætti til Valitor innan frestsins og lántaki þurfi þá að greiða Valitor lánið. Söluaðila er óheimilt að taka á móti greiðslum frá lántaka vegna kortaláns og skal beina lántaka til Valitor.
- 3.12 Valitor greiðir söluaðila andvirði kortalánsins, sem er staðgreiðsluverð vöru að frádreginni útborgun og gjaldi, á öðrum virkum degi eftir að viðskiptin fóru fram. Færist greiðslan á ráðstöfunarreikning söluaðila sem skráður er hjá Valitor. Kjósi söluaðili að bjóða upp á vaxtalaus kortalán greiðir Valitor andvirði staðgreiðsluverðs þess að frádregnum kostnaði (afföllum) skv. ávöxtunarkröfu félagsins sem birt er á þjónustuvef Valitor.
- 3.13 Söluaðili skal varðveita með tryggum og skipulögðum hætti undirritað eintak lánsins allan lánstímann og að auki í 12 mánuði eftir að lánstímanum lýkur. Söluaðila er þó skylt að afhenda félaginu á skrifstofu þess lánssamninginn þegar í stað hvenær sem er á þessum tíma sé þess óskað svo og afrit af vörureikningi/viðskiptareikningi og önnur gögn tengd viðskiptunum.
- 3.14 Söluaðili er bundinn af þeirri tegund viðskipta sem hann tilgreindi í umsókn um samstarfssamning við Valitor. Honum er óheimilt að gera kortalán um aðra tegund viðskipta við sölu á vörum eða þjónustu. Höfuðstóll skuldar kortaláns skal jafnan miðast við upphæð vörureiknings/viðskiptareiknings eða viðskipti síðasta mánaðar. Tilgreina þarf með skýrum hætti hvaða vörur og eða þjónusta skuli greiðast með kortaláni. Óheimilt er með öllu að semja um greiðslu vanskilaskulda á kortaláni.
- 3.15 Reynist nauðsynlegt að ógilda kaup, sem greitt hefur verið fyrir með kortaláni, er söluaðila óheimilt að endurgreiða korthafa í reiðufé heldur ber söluaðila að hafa samráð við Valitor.



- 3.16 Valitor tekur ekki að sér milligöngu eða ábyrgð vegna ágreinings sem rísa kann á milli söluaðila og korthafa vegna gæða vöru eða þjónustu sem greitt er með kortaláni. Komi upp slíkur ágreiningur milli aðila ber korthafa að snúa sér beint til söluaðila.
- 3.17 Ef korthafi nýtir sér rétt sinn til að falla frá samningi um afhendingu vöru eða þjónustu samkvæmt 17. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán er Valitor heimilt að krefjast endurgreiðslu lánsins frá söluaðila.
- 3.18 Sé söluaðili jafnframt VISA- og/eða MasterCard-korthafi eða handhafi annarra korta sem samningurinn nær til er honum óheimilt að selja sjálfum sér eða aðilum sér nákomnum vöru eða þjónustu gegn greiðslu með kortaláni. Nákomnir teljast þeir sem eru nákomnir í skilningi 3. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.
- 3.19 Valitor áskilur sér rétt til að kanna öll gögn söluaðila varðandi afgreiðslu kortalána, bakfæra höfuðstól, vexti og annan kostnað lána sem ekki er í samræmi við samning þennan eða almenna viðskiptaskilmála Valitor við söluaðila og endurheimta allan kostnað sem af slíkum aðgerðum kann að leiða. Sama á við ef söluaðili skilar ekki frumriti lánessamnings verði eftir honum kallað. Verði um endurgreiðslu/bakfærslu að ræða skal Valitor framselja lánessamninginn til söluaðila þannig að kröfuhafaskipti verði á honum.
- 3.20 Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar Valitor við söluaðila um kortalán.

#### **4 Þjónustuvefur**

- 4.1 Á grundvelli samstarfssamnings veitir Valitor söluaðila aðgang að þeirri þjónustu sem er í boði á þjónustuvefnum á hverjum tíma á öruggu vefsvæði. Á vefnum getur söluaðili m.a. skoðað upplýsingar og framkvæmt ýmsar aðgerðir sem tengjast samstarfssamningi hans við Valitor. Skuldbindur söluaðili sig til að fylgja í einu og öllu reglum sem Valitor kann að setja um notkun og búnað þjónustuvefs.
- 4.2 Við undirritun samstarfssamnings fær umsjónarmaður úthlutað notandanafn og lykilorð. Umsjónarmanni sem og öðrum notendum þjónustuvefs ber að kynna sér upplýsingar um öryggisráðstafanir vegna notkunar þjónustuvefsins sem honum eru láttnar í té. Þegar umsjónarmaður skráir sig í fyrsta sinn á vefinn skal hann án undantekningar breyta upphaflegu lykilorði.
- 4.3 Telji söluaðili ástæðu til skal hann fela umsjónarmanni að skrá aðra starfsmenn sína sem hann vill veita aðgang að vefnum á þar til gerða síðu á þjónustuvefnum og umfang aðgangsheimildar hvers þeirra í samræmi við þá valmöguleika sem vefurinn býður upp á. Í þeim tilvikum sem aðgangsheimild starfsmanns er viðtækari en til skoðunar eða skráningar upplýsinga skal starfsmaður undantekningarlaust vera fjárráða og fjár síns ráðandi. Að skráningu lokinni úthlutar umsjónarmaður starfsmanni notandanafni og lykilorði.
- 4.4 Uppbygging notandanafns og lykilorðs skal fylgja þeim fyrirmælum sem gefin eru á þjónustuvef, bæði hvað varðar lengd og notkun tákna.
- 4.5 Þegar starfsmaður sem hefur aðgangsheimild að þjónustuvef lætur af störfum skal söluaðili þegar í stað láta umsjónarmann loka aðgangi hans. Sama máli gegnir ef söluaðili ákveður að fella niður aðgangsheimild starfsmanns enda þótt ekki sé um starfslok að ræða. Þá áskilur Valitor sér rétt til að loka aðgangi einstakra notanda söluaðila að þjónustuvefnum ef þeir eru ekki virkir í 6 mánuði. Ef söluaðili hefur ekki verið með veltu í tengslum við samstarfssamning sinn við Valitor í 12 mánuði er Valitor heimilt að óvirkja aðganga notenda hans og eyða aðgöngunum þremur mánuðum þar á eftir.



- 4.6 Söluaðili ábyrgist að umsjónarmaður og aðrir starfsmenn sem hafa aðgangshemild að þjónustuvef hafi kynnt sér efni þessara sérskilmála og skuldbindi sig til að varðveita öryggisupplýsingar með öruggum hætti. Söluaðili ber ábyrgð á varðveislu öryggisupplýsinga sem og öllum aðgerðum sem gerðar eru á þjónustuvefnum.
- 4.7 Söluaðili ber ábyrgð á að öryggisupplýsingar komist ekki í hendur þriðja aðila eða að óviðkomandi sé með einhverjum hætti gert kleift að fá aðgang að þjónustuvefnum. Leiki grunur á að óviðkomandi aðili hafi komist yfir þessar upplýsingar ber söluaðila að viðlagðri ábyrgð að láta breyta þegar í stað hlutaðeigandi notendanöfnum og lykilorðum. Söluaðili ber ábyrgð á að starfsmenn hans tilkynni strax til umsjónarmanns hafi þeir ástæðu til að ætla að óviðkomandi aðili gæti haft aðgang að þjónustuvefnum.
- 4.8 Telji Valitor ástæðu til getur félagið krafist þess að söluaðili láti tafarlaust breyta notendanöfnum og lykilorðum að þjónustuvefnum sem eru í notkun á hans vegum.
- 4.9 Valitor er eigandi þess hugbúnaðar sem þjónustuvefurinn byggist á og annast þróun hans. Eignarhaldið nær einnig til þeirra breytinga sem Valitor kann síðar að gera á hugbúnaðinum.
- 4.10 Söluaðila ber á eigin kostnað að leggja til allar tölvur og tengingar, bæði hugbúnað og vélbúnað, til að geta nýtt þjónustuvefinn. Söluaðili ábyrgist að búnaðurinn sé fullnægjandi og standist á hverjum tíma þær kröfur sem þarf til þess að unnt sé að nota þjónustuvefinn. Þjónustuvefur Valitor er sérstaklega hannaður með vafrann Internet Explorer í huga.
- 4.11 Verði söluaðili þess áskynja að hugbúnaður þjónustuvefs sé að einhverju leyti í ólagi ber honum að tilkynna Valitor um það án tafar. Söluaðila er þá óheimilt að nota vefinn þar til starfsmenn Valitor hafa lokið athugun á búnaðinum.
- 4.12 Valitor tilkynnir söluaðila á þjónustuvef með sólarhrings fyrirvara reynist nauðsynlegt að loka vefnum tímabundið vegna viðhalds á kerfi, uppfærslu skráa o.þ.h. Reynist slíkt nauðsynlegt er Valitor þó heimilt að rjúfa aðgang að vefnum um stundarsakir án viðvörunar.
- 4.13 Söluaðili ber ábyrgð á öllu tjóni sem hlýst af notkun hans eða starfsmanna hans á þjónustuvefnum. Hið sama gildir ef utanaðkomandi aðilar komast yfir upplýsingar um aðgang að vefnum eða fá með öðrum hætti aðgang að honum.
- 4.14 Valitor ber ekki ábyrgð á tjóni vegna notkunar á þjónustuvef sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun söluaðila, starfsmanna hans eða annarra. Valitor ber ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af því að búnaður söluaðila virkar ekki sem skyldi.
- 4.15 Valitor ber hvorki beint né óbeint ábyrgð á tjóni sem orsakast af fyrirvaralausri lokun þjónustuvefsins, t.d. vegna bilana í hug- eða vélbúnaði félagsins eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.
- 4.16 Valitor ber eingöngu ábyrgð á tjóni sem starfsmenn félagsins kunna að valda af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi í tengslum við notkun söluaðila eða starfsmanna hans á þjónustuvefnum. Ábyrgð Valitor nær eingöngu til beins tjóns en aldrei til afleidds tjóns sem verða kann af þessum sökum, s.s. rekstrarstöðvunar, tapaðra viðskipta eða viðskiptavildar, álitshnekkis o.s.frv.
- 4.17 Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar Valitor við söluaðila um þjónustuvefinn.

## 5 Léttgreiðslur

- 5.1 Söluaðili er frá undirritun samstarfssamnings um Léttgreiðslur skuldbundinn sérstökum viðskiptaskilmálum Valitor. Óski korthafi eftir að skipta kaupum á Léttgreiðslur ber að fylla út Léttgreiðslusamning eins og form hans segir fyrir um. Öll skráning á Léttgreiðslum fer fram á þjónustuvef söluaðila.

- 5.2 Óheimilt er að hækka verð á vöru eða þjónustu þegar kaupandi gerir Léttgreiðslusamning við söluaðila. Korthafi skal samþykkja Léttgreiðslusamning með undirskrift sinni. Ekki er heimilt að gera Léttgreiðslusamning við handhafa erlendra kreditkorta.
- 5.3 Heildarupphæð Léttgreiðslusamnings skiptist í jafnar greiðslur. Fyrsta greiðsla kemur alltaf á næsta reikning korthafa eftir gerð samnings. Léttgreiðslusamningar hafa ekkert hámark. Mánaðarlegar afborganir verða allar að vera jafnháar. Söluaðili þarf að tilgreina heildarupphæð og fjölda gjalddaga, reikna út fjárhæð hverrar afborgunar og fá heimild á fyrstu greiðslu. Valitor ber einungis ábyrgð á fyrstu greiðslu.
- 5.4 Söluaðili fær mánaðarlega greiðslufirlit yfir Léttgreiðslusamninga frá Valitor. Missi korthafi þann rétt sem kort hans veitir honum verða ógjaldfallnar greiðslur ekki skuldfærðar. Söluaðili þarf að halda frumriti Léttgreiðslusamnings til að hann geti innheimt það sem eftir stendur af kröfunni ef korthafi missir kortið á samningstímanum. Ef ekki er hægt að skuldfæra kort sendir félagið tilkynningu til söluaðila um að hann verði að innheimta það sem eftir stendur af kröfunni sjálfur.
- 5.5 Af Léttgreiðslum þarf korthafi að greiða færslugjald skv. verðskrá Valitor.
- 5.6 Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar Valitor við söluaðila um Léttgreiðslur.

## 6 Myntval (DCC)

- 6.1 Á grundvelli samstarfssamnings er söluaðila heimilt að óska eftir viðbótarþjónustunni Myntval (DCC) samkvæmt grein 4.6 í almennum viðskiptaskilmálum. Samþykki Valitor ósk söluaðila um veitingu Myntavalsþjónustu gilda um þá þjónustu almennir skilmálar Valitor og þessir sérstöku skilmálar þjónustunnar.
- 6.2 Myntval DCC er þjónusta sem byggist á að með hugbúnaðarlausn geri söluaðili viðskiptavinum sínum, þeim sem greiða með erlendu kreditkorti, kleift að greiða í erlendri mynt, þ.e. USD, GBP, DKK, NOK, SEK eða EUR. Valitor annast uppsetningu posa og nauðsynlegrar hugbúnaðarlausnar þar sem því verður komið við.
- 6.3 Korthafar hafa fullan rétt á að hafna notkun DCC á hverjum tíma. Í þeim tilfellum sem korthafar samþykkja slíka myntbreytingu fellur niður álag á erlendar færslur skv. grein 18.5 í almennum viðskiptaskilmálum Valitor. Söluaðila ber að kynna þessa þjónustu fyrir korthöfum áður en myntbreytingin á sér stað og fylgja ávallt sérskilmálum þessum og verklagsreglum Valitor sem gilda um þessi viðskipti.
- 6.4 Valitor greiðir söluaðila hlutdeild í þóknun af þeim viðskiptum sem eiga sér stað með notkun DCC-lausnarinnar eftir að Valitor hefur samþykkt að veita söluaðila hana og sett hana upp í kerfum hans. Þóknunin nemur föstu ákveðnu hlutfalli af heildarveltu viðkomandi korthafa sem greiða með erlendu kreditkorti og nota lausnina. Þóknun er gerð upp í samræmi við uppgjörstímabil söluaðila.
- 6.5 Söluaðila og Valitor er heimilt að hætta að veita þjónustuna án áhrifa á samstarfssamning og skal slíkt gert með tilkynningu til hins með hæfilegum fyrirvara. Valitor mun í kjölfar slíkrar tilkynningar loka á lausnina hjá söluaðila.
- 6.6 Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar Valitor við söluaðila um Myntval.

Skilmálar þessir gilda frá 1. febrúar 2017

Hafnarfirði, 17. janúar 2017

Valitor hf.